



Til: Umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar

Efni: Andmæli við tillögu um breytt deiliskipulag í Ólafsdal í Gilsfirði

Ólafsdalsfélagið vill byrja á að lýsa yfir mikilli ánægju með metnað og vönduð vinnubrögð Minjaverndar við uppbyggingu húsa í Ólafsdal, heitavatnsöflun, stuðning við fornleifa-uppgröft, áform um stígagerð, samstarf um sumaropnun og Ólafsdalshátíð o.fl. Allt til fyrirmyndar. Það styttist því í að Ólafsdalur verði einn fjölfarnasti ferðamannastaður í Dölum og við Breiðafjörð með tilheyrandi atvinnusköpun. Í nýju deiliskipulagi sem lagt hefur verið fram af hálfu Minjaverndar teljum við þó einn megingalla vera á, sem hér verður nánar útskýrt.

Í kafla 3 í nýrri deiliskipulagstillögu Minjaverndar fyrir Ólafsdal er lagt til að samþykkt verði að leggja umtalsverð svæði jarðarinnar undir skógrækt.¹ Þessu vill Ólafsdalsfélagið mótmæla og fer fram á að þessum fyrirætlunum verði hafnað.

Fram kemur í bók Bjarna Guðmundssonar, *Yrkja vildi ég jörð*, að: „Beðasléttuminjarnar í Ólafsdal eru sérstaklega umfangsmiklar og glöggar. Veldur því einkum tvennt: Annars vegar var gerð þeirra hluti af verknámi skólapilta sem lögðu ár hvert til mun meira vinnuafli til ræktunar en tiltækt var á almennum búum á starfstíma Ólafsdalsskólans 1880-1907. Hins vegar náði ræktunarbylgjan um miðbik tuttugustu aldar aðeins að takmörkuðu leyti þangað heldur nutu ábúendur þegar gerðrar túnasléttunar þar. Það var ef til vill vegna ríkulegs vinnuafli skólapilta sem Torfi beitti sérstakri aðferð við beðasléttunina, aðferð er skýrir hinar mörgu og reglulegu syrpur beðasléttna sem enn má og best greina á loftmyndum frá Ólafsdal.“²

Bjarni heldur áfram og bendir á að:

„Ástæða er því til þess að gefa minjunum gaum og að vernda þær þar sem því verður við komið sem dæmi um íslenska ræktunarmenningu og verklag ræktunarmanna við nýsköpun túnasléttunar um fyrri aldamót.“³

Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands um *Fornleifar í Ólafsdal við Gilsfjörð* er umfangsmikil skráning á beðasléttum og öðrum minjum í Ólafsdal þar kemur m.a. fram að:

„Ein aðalniðurstaða rannsóknarinnar er sú að Ólafsdalur í heild sinni er einstakur minjastaður. Þar kemur margt til. Minjar frá tíð búnaðarskólans eru ótrúlega vel varðveittar og ber allur

¹ *Ólafsdalur í Dalabyggð. Breyting á deiliskipulagi - tillaga.* Minjavernd. 2022, bls. 5.

² Bjarni Guðmundsson: *Yrkja vildi ég jörð.* 2020, bls. 122

³ Bjarni Guðmundsson: *Yrkja vildi ég jörð.* 2020, bls. 123

dalurinn þess merki að þar var ekki stundaður venjulegur búskapur. Túnið var t.d. miklu stærra en hefði mátt vænta fyrir jörð af þessari stærðargráðu í upphafi 20. aldar eða 18,6 hektarar.”⁴

Í skýrslu Forleifastofnunar kemur einnig fram að:

„Annað sem er til marks um sérstöðu Ólafsdals er sú staðreynd að minjastaðir eru almennt bæði fleiri og mun meiri að umfangi en á bæjum þar sem hefðbundinn búskapur var stundaður. Þar eru t.d. upp undir 20 svæði með beðasléttum, þrír stórir nátthagar, umfangsmikil skurðakerfi sem t.d. leiddu vatn úr lind heim að bæ og veittu vatni af beðasléttum, gríðarmiklar mógrafir, skurðakerfi til að knýja áfram tóvinnuvélar, svæði þar sem hleðslugrjóti var safnað í stórum stíl o.fl. o.fl.

Búnaðarskólaminjar í Ólafsdal hafa víða skírskotun og geta varpað ljósi á minjar frá sama tíma á mörgum stöðum á landinu, enda breiddist þekking og tækninýjungar út þaðan víða um land á tímum mikilla framfara. Þess má geta að fljótt á litid virðast minjar á hinum búnaðarskólunum sem starfræktir voru á svipuðum tíma, ekki hafa varðveist nema e.t.v. að mjög litlu leyti, þ.e. á Hvanneyri, Hólum og Eiðum, enda lögðust þeir skólar ekki af snemma líkt og í Ólafsdal. Byggð þéttist á öllum þessum stöðum og vélvæðing í landbúnaði hélt þar innreið sína um miðja 20. öld líkt og víðast hvar með tilheyrandi túnasléttun og hafa þá eldri minjar verið afmáðar í stórum stíl.”⁵

Eins og fram kemur og bent er á í deiliskipulagstillögunni sjálfri þá er:

„Megin markmið með deiliskipulagsbreytingu þessari er að stuðla að varðveislu þeirra merku minjaheildar sem finnst í Ólafsdal og auka afþreyingar- og útivistargildi svæðisins með því að:

- Vernda og halda til haga ummerkjum um búskapar- og jarðræktarsögu staðarins.
- Stuðla að uppgræðslu í sátt við náttúrulegt gróðurfar staðarins.
- Taka mið af menningarlandslagi og minjum sem fyrir eru við uppbyggingu og skipulag á svæðinu.“⁶

Afrakstur og þar með afleiðingar skógræktar þegar fram liða stundir verða þær að skógur mun fara að dreifa sér um jörðina. Það mun valda því að gróa fer yfir minjar eða þær hverfa sjónum. Fram kemur í deiliskipulagstillögunni að sýnataka í Ólafsdal 2019 vegna fornumhverfisrannsóknar við skálarústina þar hafi leitt í ljós að „birkiskógur eða -kjarr virðist ekki hafa verið afgerandi hluti gróðurs við rannsóknarstað.“⁷ Það er því ljóst af þessum sýnatökum að skógur hefur ekki verið einkenni Ólafsdals hvorki á fyrri tímum né seinni. Ólafsdalur er allur meira og

⁴ *Fornleifaskráning í Ólafsdal við Gilsfjörð*. Fornleifastofnun Íslands, ritstj. Birna Lárusdóttir. 2018, bls. 132-133.

⁵ *Fornleifaskráning í Ólafsdal við Gilsfjörð*. Fornleifastofnun Íslands, ritstj. Birna Lárusdóttir. 2018, bls. 132-133.

⁶ *Ólafsdalur í Dalabyggð. Breyting á deiliskipulagi - tillaga*. Minjavernd. 2022, bls. 5.

⁷ Egill Erlendsson: *Fornumhverfisrannsókn við skálarúst í Ólafsdal*. Skýrsla unning fyrir Minjavernd. 2020, bls. 9.

minna gróinn, langt upp í fjallshlíðar, svo ekki er nein þörf á að bjarga jarðvegi frá eyðingu. Dalurinn er eins og fram hefur komið ein minjaheild og því þarf að umgangast hann sem slíkan. Skógrækt mun umbylta því sem hér hefur verið lýst að Ólafsdalur sé í „heild sinni“ „einstakur minjastaður“ og hún er auk þess ekki í sátt við gróðurfar staðarins eins og haldið er fram í tillögunni.


Verði tillagan samþykkt með fyrirhuguðum skógræktaráformum er fyrirsjáanlegt að minjar muni spillast eða jafnvel glatast og sú minjaheild, sem nú er til staðar, heyrja sögunni til. Það væri mikill skaði fyrir framtíðargildi og mikilvægi Ólafsdals sem ferðaþjónustustaðar á sviði sögu og menningar. Eins og komið hefur fram er Ólafsdalur algjörlega einstæður hvað viðkemur varðveislu minja um íslenska búskaparhætti nálægt aldamótunum 1900. Jafnframt, eins og komið hefur í ljós á undanförunum árum, hefur hann að geyma forminjar frá landnámsöld sem enn á eftir að rannsaka betur og ugglaust einnig órannsakaðar minjar frá um 900 ára tímabil þar á milli. Ef skógur, sem er í ósamræmi við gróðurfar Ólafsdals, kemst á legg er hættan sú að framtíðar rannsóknum á minjum í dalnum verði teft í tvísýnu og að rannsóknatækifæri fari forgörðum.

Af framangreindu, og einmitt í ljósi markmiða sem sett eru fram í deiliskipulagstillögunni, er illskiljanlegt að lagt sé til að hefja skuli skógrækt í Ólafsdal. Það er algjörlega í andstöðu við markmiðin og í ósamræmi við tilgang Minjaverndar um minjavernd.

Það væri því þungur áfelliðómur næðu þessi áform fram að ganga.

Samþykkt samhljóða í stjórn Ólafsdalsfélagsins, 19. maí 2022.

Virðingarfyllst og fyrir hönd stjórnar,



Rögnvaldur Guðmundsson, formaður.

Í stjórn Ólafsdalsfélagsins eru:

Arnar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Halla Steinólfsdóttir,
Ingveldur Guðmundsdóttir, Torfi Markússon, Torfi Ólafur Sverrisson og
Rögnvaldur Guðmundsson.

Ps: „Í búnaðarsögulegu tilliti þarf að ganga um Ólafsdal eins og gengið er um Skálholt og Hóla í ljósi kirkjusögunnar.“⁸

⁸ Bjarni Guðmundsson: *Á haustdegi í Ólafsdal*. Samtekt í maí 2008, bls. 3.